



Sandöldusvæði við norðurpólinn

ESP_027378_2540



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Þetta svæði sem inniheldur sigðarlega sandöldur er að finna rétt sunnan við lagskipta landslagið við norðurpólinn. Sandöldur af þessu tagi, sem kallast hófskaflar, myndast þar sem setmagn er ekki mikið en vindátt stöðug. Hornin á hófsköflunum vísa undan vindi en í þessu tilviki hefur vindurinn einkum blásið í norðvestur. Sandöldurnar á nærmyndinni eru um það bil 100 metrar að breidd og liggja á ójöfnu en hörðu yfirborði. Sumstaðar eru melatíglar augljósir en annars staðar liggur fjöldi hnullunga, um það bil metri að stærð, yfir svæðið. Hnullungarnir eru tíðari þar sem tígla-myndir eru ekki jafn áberandi. Endurteknar myndatökur af þessu sandöldusvæði gæti leitt í ljós hvort skaflarnir séu að færast til.